

Til aðila með ársskilamáta

– skil á virðisaukaskatti fyrir árið 2000 –

Hjálagt fylgir virðisaukaskatts-
skýrsla vegna uppgjörstímabils-
ins 2000 með gjalddaga

5. febrúar n.k.

Virðisaukaskattsskýrslan er ekki
fylgigagn með skattframtali,
heldur ber að skila henni, ásamt
greiðslu (greiðsluskýrsla) eða
nauðsynlegum fylgigögnum (inn-
eignarskýrsla), eigi síðar en á
gjaldlega (5. febrúar n.k.)

Greiðsluskýrslu skal skila,
ásamt greiðslu, eigi síðar en á
gjaldlega til innheimtumanns
ríkissjóðs, banka, sparisjóðs eða
pósthúss.

Inneignarskýrslu skal
skila eigi síðar en á gjalddaga
beint til skattstjóra ásamt

- 1) afriti af ársreikningi 2000
- 2) eða hreyfingalistum inn- og
útskatts 2000
- 3) eða ljósriti af bókhaldshefti
2000.

**Fylgi umrædd gögn ekki inn-
eignarskýrslu má búast við
því að skattstjóri hafni skýrslu
og áætli virðisaukaskatt.**

Hjálagt fylgja einnig orðsending-
ar vegna virðisaukaskatts nr.
3/2000 (um lagabreytingar) og
1/2001 (um skýrsluskil í tengsl-
um við skattframtal, nýlegar

reglugerðabreytingar o.fl.),
ásamt leiðréttingarskýrslu virðis-
aukaskatts (RSK 10.26).

Leiðréttingarskýrslu virðisauka-
skatts skal skila til innheimtu-
manns (greiðsluskýrsla) eða
skattstjóra (inneignarskýrsla) ef
breyting verður á forsendu árs-
skilamáta (ef skattskyld velta
nær 800.000 kr. á almanaksári)
eða ef leiðrétt þarf áður inn-
senda virðisaukaskattsskýrslu.

**Nánari upplýsingar veita
gjaldaskrifstofa ríkisskatt-
stjóra í síma 563-1207 og
skattstjórar um land allt.**

Minnt er á bæklinginn „Til minnis um ársskil“ (RSK 11.23)